# Samnor fundur - gestir vegna kynningar á námi í miðlun

Ytri notandi

Pósthólf

I

**Ingunn Helga Bjarnadóttir <ingunn@simey.is>** fim., 2. des. 2021, 10:02

til Lára, Sigurbjörn, Valgerður, jmh, smi@smi.is, Sigríður, Jóhannes, mín

des.
**15**
**mið.**

Samnor fundur - gestir vegna kynninga...

Skoða í Google Dagatal

| | |
|---|---|
| Hvenær | mið. 15 des. 2021 8:15fh – 9fh (GMT) |
| Staðsetning | Microsoft Teams Meeting |
| Hverjir | Sigríður Huld Jónsdóttir, Jóhannes Árnason, Lára Stefánsdóttir, jmh, Sigurbjörn Árni Arngrímsson... |

Dagskrá

mið. 15 des. 2021

*Engir atburðir á undan*

| | |
|---|---|
| 8:15fh | Samnor fundur - gestir vegna kynninga... |
| 2:30eh | Klipping |
| 6eh | Sýning jólin mín og þín Húsavík |

Sæl verið þið.
Hér kemur fundarboð vegna Samnor fundar þann 8. desember.
Gestir verða þeir Hilmar og Jóhannes frá VMA og hugsanlega aðilar frá öðrum skólum sem hafa tekið þátt í samtalinu um nám í miðlun.

Hópurinn sem hefur tekið þátt er þessi:

- Anna Eyfjörð Eiríksdóttir, Menntaskólinn á Akureyri, annae@ma.is
- Hilmar Friðjónsson, Verkmenntaskólinn á Akureyri, hilmar@vma.is
- Jóhannes Árnason, Verkmenntaskólinn á Akureyri, jarn@vma.is
- Sigurður Mar Halldórsson, Menntaskólinn á Tröllaskaga, siggimar@mtr.is
- Andri Hnikarr Jónsson, Framhaldsskólinn á Laugum, hnikarr@laugar.is
- Halldór Jón Gíslason, Framhaldsskólinn á Húsavík, halldor@fsh.is

Kveðja Ingunn Helga

---

# Microsoft Teams meeting

**Join on your computer or mobile app**
Click here to join the meeting

Learn More | Meeting options

...

[Skeyti stytt]  Skoða allt skeytið
Viðhengjasvæði
invite.ics Sækja



**Jóhannes Árnason** þri., 14. des. 2021, 15:31

Sæl Ingunn Helga. Þú myndir kannski senda fundarmönnum þessar glærur, þær eru á PDF formi og kallast Media_nam_SAMNOR_des2021 . Það er reyndar hugsanlegt að Hil

**Ingunn Helga Bjarnadóttir <ingunn@simey.is>** þri., 14. des. 2021, 16:39
til jmh, Lára, Sigríður, Sigurbjörn, Valgerður, smi@smi.is, Hannes, Jóhannes, mín

Sæl verið þið.

Ég minni á fund okkar í fyrramálið.
Hér meðfylgjandi eru fundargögn sem þeir Jóhannes og Hilmar báðu mig um að senda ykkur.

Sjáumst í fyrramálið.

Kær kveðja,
Ingunn Helga
**2 viðhengi**



**Hilmar Friðjónsson <hilmar@vma.is>** þri., 14. des. 2021, 23:22
til Ingunn, jmh, Lára, Sigríður, Sigurbjörn, Valgerður, smi@smi.is, Hannes, Jóhannes

Sæl Ingunn,
hér eru svo glærur sem ég hef unnið og fara dýpra í hugmyndirnar, sérstaklega er varðar fagnámið.

Ég sendi þér þær bæði sem ppt og pdf.
kv.
Hilmar

---

**2 viðhengi**

**Ingunn Helga Bjarnadóttir <ingunn@simey.is>** mið., 15. des. 2021, 09:56

til mín

Kærar þakkir Hilmar og fyrir góða kynningu í morgun.
Kv. Ingunn

---

**Ingunn Helga Bjarnadóttir <ingunn@simey.is>** fim., 16. des. 2021, 09:58

til jarn@vma.is, mín

Sælir og blessaðir.
Getið þið nokkuð sent mér kynninguna sem þið voruð með á fundinum í gær?
Ég held að ég sé með aðra kynningu hjá mér.

Kv. Ingunn

**From:** Hilmar Friðjónsson <hilmar@vma.is>
**Sent:** þriðjudagur, 14. desember 2021 23:23
**To:** Ingunn Helga Bjarnadóttir <ingunn@simey.is>
**Cc:** jmh <jmh@ma.is>; Lára Stefánsdóttir <lara@mtr.is>; Sigríður Huld Jónsdóttir <huld@vma.is>; Sigurbjörn Árni Arngrímsson <sarngrim@laugar.is>; Valgerður Gunnarsdóttir <valgerdur@fsh.is>; smi@smi.is; Hannes Bryndísarson <hannesvalur@protonmail.com>; Jóhannes Árnason <jarn@vma.is>
**Subject:** Re: FW: Samnor fundur - gestir vegna kynningar á námi í miðlun

Sæl Ingunn,

---



**Jóhannes Árnason <jarn@vma.is>** fim., 16. des. 2021, 10:09

til Ingunn, mín

Sæl Ingunn.
Hér er PDF skjal og fleiri útgáfur ef kynningunni sem við notuðum í gær.

Ég býst við að skrifa þér póst um það hvernig ég upplifði fundinn og hvaða leið ég hefði viljað sjá að væri farin.  Ég geri mér grein fyrir því að það gæti verið að einhverju leyti annað en skólameistararnir myndu vilja.

Bestu kveðjur og kærar þakkir.

Jóhannes
jarn@vma.is
mobile +354 846 9030
office +354 464 0300
www.vma.is

**3 viðhengi**




**Ingunn Helga Bjarnadóttir** <ingunn@simey.is> fim., 16. des. 2021, 10:32

til Jóhannes, mín

Kærar þakkir Jóhannes.
Við heyrumst með framhaldið.

Kær kveðja Ingunn Helga



**Jóhannes Árnason** fim., 30. des. 2021, 11:10

til Ingunn, mín

Sæl Ingunn Helga.
Takk fyrir fundinn um daginn, við vonum að þú ljúkir árinu á góðum nótum og að nýtt ár komi með góðar stundir.

Við Hilmar ræddum það eftir fundinn að það skiptir miklu máli að einhver eins og þú með góða yfirsýn og reynslu úr ýmsum áttum sjái um samstarf skólanna.  Það getur að vísu komið þannig út að skólunum sé ekki full alvara með samstarfið og leggi þar af leiðandi samstarfið í hendur á einhverjum sem getur ekki skuldbundið skólana.  Okkur finnst hinsvegar að þarna sé opin leið að því að skapa umræðuvettvang sem einmitt er ekki til að skuldbinda skólana heldur gefa þeim frelsi til að ræða, skoða málin og vinna að sameiginlegum verkefnum.

Það væri mjög gaman að pæla í því hvert er hlutverk SAMNOR og hvaða vídd það opnar fyrir framhaldsskólana, nemendur og samfélagið í víðasta skilningi.
Eitt af því sem væri mjög gaman að skoða er einhverskonar sameiginlegt yfirlit um námsframboð á vef framhaldsskóla á Norðurlandi, ennfremur að áfangar í einhverjum greinum verði sameiginlegir.

Varðandi erindið okkar við SAMNOR.
Á næst öftustu glærunni eru nokkar spurningar eða atriði.

Fyrst er það hvort skólarnir vilji vinna að þessu í sameiningu sem er að okkar mati lykilatriðið. Það væri hroðalegt ef til verða mjög mismunandi skilgreiningar á hvað miðlun er og hvaða vinnubrögð eru sett sem góð vinnubrögð. Þarna þarf að athuga að við höfum í raun enga fagmenn sem skilja hlutina á sama veg. Ef við erum að tala um íslensku eða trésmíði þá myndu íslenskufræðingar í mismunandi skólum og trésmiðir í öllum fyrirtækjum skilja faghugtök og vinnubrögð á sama hátt en fagið miðlun er bara til sem mismikil sérhæfing í huga þeirra sem hafa verið að brasa við hana í skólunum, í samfélaginu eru auðvitað fagmenn við störf. Við viljum að SAMNOR gefi tækifæri til að fagumræðan verði milli kennara og annarra í öllum skólunum.
form
Önnur spurningin er um samstarf við umhverfið. Ég held að það megi segja að þessir skólar séu ekki í mjög sterku formlegu sambandi við atvinnulíf á svæðinu. Þeir eru að sjálfsögðu allir með ýmislegt samstarf en miðað við það sem við höfum séð í ýmsum starfsgreinum er þetta frekar tilviljanakennt og persónubundið samstarf. Við teljum að fagumræða á nýju sviði verði mjög grunn ef ekki er náið samstarf með þeim sem vinna í greininni. Okkur finnst að SAMNOR þurfi að svara því nokkuð ákveðið hvort vilji er til slíks samstarfs. Ef ekki þá þarf að reyna að átta sig á því hvernig er hægt að ná inn fagþekkingunni (hér er ekki verið að gera lítið úr þeirri kunnáttu sem ýmsir starfsmenn skólanna hafa en við álítum að oftast sé þar um að ræða nánast hobbýkunnáttu sem nær hvergi nærri þeim kröfum sem atvinnumenn gera og við sem kaupum aðgang að miðlun gerum til þess sem við sjáum og heyrum. Þarna væri gott tækifæri til að skoða hvernig er hægt að ná sambandi við svæðið, starfsgreina á svæðinu. Það er líka spennandi hlutur að hugsa um, er einhver aðili á svæðinu sem framhaldsskólarnir geta leitað til um samstarf? Er hægt að ætlast til að greinin skipuleggi sig að einhverju leyti með tilliti til svæðisins í stað þess að núna eru flestir fulltrúar starfsgreina í Reykjavík í gegnum Samtök Atvinnulífsins og Samtök Iðnaðarins?

Þriðja spurningin / atriðið er upplýsingar til og samstarf við opinbera aðila í faginu, starfsgreinaráð og menntamálayfirvöld. Við teljum að það sé mjög æskilegt að svona verkefni verði opið strax frá byrjun að því leyti að það sé unnið í samstarfi við þá aðila sem síðar meir myndu þurfa að samþykkja hugsanlegt nám. (Vissulega þarf ekki að samþykkja einstaka áfanga en við teljum að það sé mjög mikilvægt að vinna strax að því að skilgreina faghyugtök og leggja drög að starfsnámi. Ef það verður ekki gert er líklegt að áhugi starfsgreinarinnar á svæðinu verði mun minni.

Við teljum að það væri gott fyrsta skref að kennarahópurinn sem hefur hist hingað til fundi og ræði málin en að SAMNOR skoði þetta líka betur og pæli strax í hvort vilji er til að leggja í þróunarverkefni (sækja peninga til þess).

Vonandi er þetta ekki alltof langt, þungt og flókið en við höfum þá reynslu sjálfir að við höfum þurft nokkrar umferðir af spjalli og pælingum til að átta okkur betur á því um hvað við erum að tala.
Bestu kveðjur.

Jóhannes Árnason
framhaldsskólakennari
jarn@vma.is
mobile +354 846 9030
office +354 464 0300
www.vma.is

---

I

**Ingunn Helga Bjarnadóttir**

fim., 13. jan., 16:08 (fyrir 11 dögum)

til Jóhannes, mín

Sælir og blessaðir.

Kærar þakkir fyrir póstinn og þær upplýsingar sem koma þar fram.
Það er greinilegt að þið hafið skoða þetta vel og velt upp ýmsum atriðum sem þarf að kanna nánar og taka afstöðu til.

Afsakið hvað ég svara ykkur seint, ég fór í gott jólafrí og vildi síðan bíða með að svara þar til Samnor hefði fundað aftur.

Eftir fundinn okkar í desember hefur verið ákveðið að stofna vinnuhóp um málið sem muni hafa janúar og febrúar til að skoða ákveðin atriði.
Lára Stefánsdóttir mun verða fulltrúi skólameistara í hópnum.

Ég á von á að fá endanlegar tilnefningar frá skólunum á næstu dögum og mun í framhaldinu senda hópnum póst.
Sigríður Huld hefur nú þegar tilnefnt ykkur félagana í hópinn.

Þannig að þið heyrið frá mér aftur mjög fljótlega.

Kær kveðja Ingunn Helga

---



**Jóhannes Árnason**

fim., 13. jan., 16:56 (fyrir 11 dögum)

til Ingunn, mín

Sæl Ingunn, gleðilegt nýtt ár.

Takk fyrir þetta, við Hilmar urðum himinlifandi þegar við fengum svarið frá Sigríði Huld.
Ég hlakka til að taka þátt.
Hilmar setti af stað svæði í Moodle og þar ætti að vera hægt að hleypa öllum aðilum inn, við vorum að hugsa um að þar gæti verið gott að geyma allskyns gögn um vinnuna við þetta. Við skoðum hvernig við getum tengt þig þar inn.
Bestu kveðjur.

Jóhannes
jarn@vma.is
mobile +354 846 9030
office +354 464 0300
www.vma.is